



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b/t Margrétar Mjallar Benjamínsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2022

2205042SA KB  
Málalýkill: 00.63

### Efni: Umsögn vegna frumvarps til sóttvarnalaga, mál nr. 498.

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins vegna frumvarps til sóttvarnalaga, 498. mál.

#### 1. Almennt um frumvarpið og fyrri drög sem birt voru í samráðsgátt

Í fyrirbyggjandi frumvarpi kemur fram að talin hafi verið þörf á heildarendurskoðun á ákvæðum sóttvarnalaga, einna helst á þeim ákvæðum sem fjalla um stjórnýslyu sóttvarna og opinberar sóttvarnaráðstafanir m.a. vegna þeirrar reynslyu sem fengist hefur hér á landi vegna heimsfaraldurs SARS-CoV-2-veirunnar. Er þannig um að ræða ný heildarlög.

Af gefnu tilefni skal bent á að sambandið gerði [umsögn](#) við drög að frumvarpi til sóttvarnalaga þegar það var birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is hinn 1. febrúar 2022, sbr. mál nr. S-26/2022.

Í umsögninni voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við ákvæði laganna. Hins vegar var talin þörf á því að vekja athygli á tilteknum álitafnum er vöknðu hjá sveitarfélögum varðandi 39. gr. frumvarpsins sem fjallaði um kostnað af framkvæmd laganna. Um þetta vísaði sambandið einkum til umfangsmikillar vinnu skjólastjórnenda við smitrakningu sem unnin var á grundvelli heimildar sóttvarnarlæknis til þess að fela tilteknum aðilum að rekja smit þegar farsótt geisar í landinu, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Umrædd vinna við smitrakningu reyndi mikið á skólastjórnendur sem í mörgum tilvikum unnu langt fram á kvöld, jafnvel nætur, sem og um helgar með tilheyrandi álagi og aukavinnu.

Af þessum sökum var í umsögn upplýst um kröfur sem höfðu verið gerðar af hálfu umræddra aðila á hendur sveitarfélögum um greiðslu álags vegna vinnu sinnar við smitrakningu, sem rekja má til ákvæða sóttvarnalaga. Taldi sambandið af þeim sökum að frumvarpið væri ekki nægjanlega skýrt um efni sitt hvað varðar kostnað af framkvæmd laganna sem greiða átti úr ríkissjóði með vísan til 39. gr. frumvarpsins.

## 2. Nánar um afstöðu sambandsins

Sambandið gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði fyrirbyggjandi frumvarps og telur skynsamlegt að nýta reynslu undanfarinna ára til að bæta lagaumhverfi sóttvarna. Engu að síður telur sambandið bæði rétt og nauðsynlegt að benda á eftirfarandi tvo þætti er varða umfjöllun frumvarpsins um kostnað.

Í fyrsta lagi bendir sambandið á, ekki síst í ljósi umfjöllunar í 6. kafla frumvarpsins, að frumvarpið var ekki kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum. Telja sveitarfélög ekki útilokað að lagafrumvarpið komi til með að hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. fyrri umsögn sambandsins.

Í öðru lagi leyfir sambandið sér að vísa til og árétta þau álitaefti sem sett voru fram í fyrri umsögn sambandsins, dags. 1. febrúar 2022, og varða sjónarmið um hvaða kostnaður falli undir ákvæði 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Síðastnefnda ákvæði er óbreytt í fyrirbyggjandi frumvarpi ef miðað er við drög frumvarpsins sem birt voru í samráðsgátt fyrir á þessu ári.

Að mati sambandsins er óljóst um umfang þeirra áhrifa sem fyrirbyggjandi frumvarp kann í raun að hafa á starfsemi sveitarfélaga og þá einnig m.t.t. kostnaðar. Telur sambandið því að ráðuneytinu hafi borið að hafa betra samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um mat á áhrifum þess, líkt og kallað var eftir af hálfu sambandsins í fyrri umsögn þegar frumvarpið var í samráðsgátt stjórnvalda. Það var ekki gert.

Í almennum athugasemdum fyrirbyggjandi frumvarps kemur eftirfarandi fram:

*„Rétt er að taka fram að 39. gr. er að mestu leyti samhjóða ákvæði 17. gr. sóttvarnalaga, nr.19/1997. Frumvarpinu er þannig ekki ætlað að breyta því ákvæði efnislega. Ákvæðið tekur að mestu til þess þegar kemur að kostnaðarþátttöku sjúklinga vegna opinberra sóttvarnaráðstafana. Þá er ráðuneytinu ekki kunnugt um að skólastjórnendum sveitarfélaga hafi verið falið á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sóttvarnalaga, nr.19/1997, að rekja smit í skólum. [innsk. 2. mgr. 6. gr. í fyrirbyggjandi frumvarpi] Smitrakningarteymi almannavarna hefur vissulega verið falið að rekja smit á grundvelli ákvæðisins og fengið sér til aðstoðar stjórnendur í stofnunum og fyrirtækjum til að upplýsa um samgang fólks þegar rekja á smit á grundvelli almannahagsmuna.“*

Í ljósi þessa bendir sambandið á grein sóttvarnarlæknis sem birtist á covid.is þann 18. nóvember 2021 en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

*Í núverandi bylgju faraldurs COVID-19 hafa smit í skólum spilað stórt hlutverk í útbreiðslu smita í samfélaginu og rakning innan skólanna verið þýðingarmikil. Til að rakningin skili árangri er samstarf við skólastjórnendur mikilvægt því einungis skólastjórnendur þekkja aðstæður og hafa aðgang að viðveru- og nemendalistum.*

*Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar þegar tekin er ákvörðun um sóttkví. Því má líta svo á að samstarf skólastjórnenda og rakningateymis falli undir nauðsynlega qaqaöflun skv. sóttvarnalögum fyrir sóttvarnalækni til að framfylgja sinni lagalegu skyldu (undirstr. höf.).*

Með vísan til þeirra ummæla sóttvarnalæknis, um að samstarfið við skólastjórnendur hafi verið nauðsynlegt til að hann gæti fylgt sinni lagalegu skyldu, þá er varla hægt að túlka það öðruvísi en svo að sá kostnaður sem hlýst af þeirri vinnu falli undir að vera „kostnaður sem hlýst af framkvæmd laganna“ og eigi þar með að greiðast úr ríkissjóði.

### 3. Niðurlag

Að mati sambandsins sýnir framagreind umfjöllun fram á nauðsyn þess að hafa þarf frekara samráð við sambandið áður en frumvarpið verður að lögum. Leggur sambandið áherslu á að fá fund hjá þingnefndinni til að fara yfir fyrrgreind sjónarmið þá telur sambandið einnig að nauðsynlegt sé á þessu stigi málsins að greina áhrif frumvarpsins fremur, sbr. og 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 og nauðsynlegt sé að beina því til ráðuneytisins að slíkt mat fari fram.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri